

17. maí 2012



Krakkaskák endurvekur skáklífið suður með sjó

Siguringi Sigurjónsson skákkennari segir frá

Krakkaskák á Suðurnesjum



Siguringi Sigurjónsson, skákkennari Krakkaskák í sal
Íþróttakademiú Reykjanesháskólans

Krakkaskák hefur heimsótt sjö skóla á Suðurnesjum frá miðjum mars og fundið mikinn áhuga fyrir skák hjá börnunum þar. Eftir nokkrar heimsóknir í skólana var ákveðið að sameina alla krakkana á einum stað og bjóða þeim að tefla og þjálfar sig við frábærar aðstæður. Krakkaskák hefur aðstöðu í **Íþróttakademiú Reykjanesháskólans** og er með æfingar fyrir 9-14 ára á miðvikudögum klukkan 16:00 – 18:00 og á laugardögum klukkan 10:00 – 12:00. Æfingar fyrir 6-8 ára börn verða á laugardögum kl. 12:15 -13:15. Börn úr Garði og Sandgerði eru velkomnir á þessar æfingar. Æfingar verða í **Félagsmiðstöðinni Þrumunni í Grindavík** alla laugardaga klukkan 14:30 – 16:30 fram að sumarfríi og svo verður haldið áfram allan næsta vetur.

Krakkaskák hefur ákveðið að halda úti skákpjálfun í Reykjanesháskólans og Grindavík allt næsta skólaár og hjálpa skólunum á Suðurnesjum að mynda skáklið sem taka þátt í þeim keppnum sem eru í boði. Skólar af Suðurnesjum hafa því miður ekki verið að taka þátt en nú verður breyting á því.

Krakkaskák mun standa fyrir jólamóti, páskamóti og svo Suðurnesjamóti í nokkrum aldursflokkum.

Skákkennsla fyrir blind börn

Í skákhópnum í Reykjanesháskólans er 12 ára blindur strákur þátttakandi. Sá er heldur betur efnilegur skákmaður með mikinn eldmóð og verður gaman að fylgjast með honum ef hann heldur áfram að iðka skák af kappi. Krakkaskák lét smíða blindratafl sem er ágætisborð sem við ætlum okkur að nota á æfingum. Á síðustu æfingu vann hann allar skákir sínar og var efstur með fullt hús. Á æfingunni þar á undan var hann aðeins með eitt tap og það á móti 9 ára dreng sem er mjög efnilegur skákmaður og duglegur að æfa sig. Sá kom sá og sigraði á fyrstu laugardagsæfingunni.

Hvernig þjálfar maður blindan skákmann?

Piotr Dukaczewski er blindur skákmaður sem keppti á Reykjavík Open í vetur. Hann vakti athygli fyrir blindrataflið sem hann notaði. Krakkaskák hefur sett sig í samband við hann til þess að fá leiðbeiningar um þjálfun fyrir blinda. Blindskák og blindraskák er ekki það sama. Skákmenn þekkja vel blindskák sem er góð skákpjálfun. Hún er yfirleitt stunduð af sterkum skákmönnum sem sjá og þekkja vel til skákborðsins. Blindraskák er hins vegar skák sem er tefld af blindum skákmönnum sem sjá aldrei skákborðið og þurfa því að þekkja það á annan hátt.

Til að kenna blindraskák þarf að vanda til verks og best að sækja fróðleikinn til þeirra sem hafa reynslu og getað miðlað henni. Ungi skákmaðurinn á Suðurnesjum stefnir á að keppa með skólaliðinu sínu og það kæmi skákkennara Krakkaskák ekki á óvart ef hann yrði á fyrsta borði þegar þar að kemur. Blindur keppandi þarf sérstakar aðstæður til að keppa á skákmóti og vonandi verður hægt að verða við þeim þörfum í þeim keppnum sem hann hyggst taka þátt í hér á landi.

KRAKKASKÁK

Vefsíða: krakkaskak.is

Netfang: krakkaskak@krakkaskak.is



Blindrataflið sem Krakkaskák lét smíða